



STJÓRNARFUNDUR BYGGÐASAMLAGS UM MÁLEFNI FATLAÐRA Á NORÐURLANDI VESTRA ÞRIÐJUDAGINN 26. FEBRÚAR 2012 KL 10:00

Þriðjudaginn 26. febrúar 2013 kom stjórn bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra saman til fundar á Löngumýri í Skagafirði

Mætt voru. Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Hanna Þrúður Þórðardóttir Svanfríður Jónasdóttir var í símasambandi, Leó Örn Þorleifsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Sigurður V. Ásbjarnarson boðaði forföll. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat einnig fundinn.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði

1. Fundargerð þjónustuhóps frá 24.janúar 2013. GSG kynnti einstaka liði.
2. Óendurskoðuð rekstarniðurstaða byggðasamlagsins og einstakra þjónustusvæða árið 2012. Lögð fram bókfærð rekstarstaða byggðasamlagsins og einstakra þjónustusvæða 31.12.2013. JÓP og GSG kynntu og skýrðu eintaka liði.

3. Húsnæðismál.

a) Reglur um um aðkomu bs að húsnæðiskostnaði vegna þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992 með síðari breytingum og reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2012.

Lögð voru fram drög að reglum um aðkomu bs að húsnæðiskostnaði í samræmi við ákvörðun stjórnar frá 27. desember 2012. Verkefnisstjóri kynnti drögin og rakti aðdraganda þess að þær verði settar. Við yfirfærslu málefna fatlaða var framkvæmdasjóður fatlaðra lagður niður og framlög vegna húsnæðiskostnaðar berast nú í gegnum framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Eitt af hlutverkum byggðasamlagsins er jöfnun vegna húsnæðiskostnaðar, í drögunum er lagt upp með að reglurnar nái yfir húsaleigukostnað sem er tilkominn vegna nýbyggingar eða breytingakostnað á félagslegu leiguhúsnæði sveitarfélaga m.t.t aðgengis fyrir hreyfihamlaða sem og Iðju og skammtíavistanir.

Byggðasamlagið greiðir þjónustusvæðum mánaðarlega fasta upphæð til rekstarþátta byggða á samþykktari fjárhagsáætlun sbr. 6. grein þjónustusamnings sveitarfélaga um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir framlögum til sveitarfélaga/þjónustusvæða til að mæta kostnaði vegna leigu sértæks íbúða – og eða þjónustuhúsnæðis fyrir fatlaða og húsnæðis skammtíavistunar og Iðju. Þessi framlög koma til viðbótar tekjum af framangreindu til notenda þar sem það á við. Fasteignir sem nýttar eru vegna þjónustu við fatlað fólk, sem og tekjur og útgjöld vegna þeirra eru á forræði einstakra sveitarfélaga/þjónustusvæða sbr. 7. gr. þjónustusamnings sveitarfélagana um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.

Greiðsluframlag byggðasamlagsins er háð ákvörðun stjórnar hverju sinni sem byggðir á mati þjónustuhóps á húsnæðisþörf vegna sérstakra eða mikilla þjónustuparfa og tekjuframlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Lagt er upp með að stjórn byggðasamlagsins og viðkomandi sveitarfélag gera með sér viljayfirlýsingu um framkvæmdir og ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Drögin eru til yfirlistar hjá endurskoðanda SSNV sem og lögfræðingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga.



Stjórn bs er lýsir yfir ánægju með drögin og er sammála um að lagt verði sjálfstætt mat á hverja og eina framkvæmd hverju sinni. Afgreiðslu reglananna er frestað þar til yfirlestri endurskoðanda og lögfræðings Sambandsins liggur fyrir.

b) Fyrirspurn frá Blönduósbæ frá des. 2012. Verkefnisstjóri lagði fram drög að viljayfirlýsingu við Blönduósbæ um aðkomu byggðasamlagsins að breytingakostnaði við félagslegt leiguhúsnæði í eigu bæjarins þannig að húsnæðið henti hreyfihömluðum einstaklingum. Húsnæðisþörf byggir á mati þjónustuhóps um þörf fyrir húsnæðisúrræði vegna sértækra þjónustubarfa. Áætlaður kostnaður við breytingarnar er um 4 milljónir króna. Stjórnin samþykkir að gerð verði viljayfirlýsing við Blönduósbæ um aðkomu að framkvæmdinni í formi húsaleigu enda verði ákvörðunin í samræmi við reglur sem stjórnin um setja.

c) Húsnæði Iðju á Sauðárkóki. Verkefnisstjóri lagði fram minnisblað um húsnæði Iðju á Sauðárkróki en fyrirhugað er að fara úr leiguhúsnæði í Aðalgötu í húsnæði sveitarfélagsins sem áður hýsti leikskólann Furukot. Verkefnisstjóra falið að vinna áfram að þarfagreiningu og kostnaðarmati í samráði við Svf. Skagafjörð í samræmi við umræður á fundinum.

4. Önnur mál.

Framlög jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra 2013. Umræður urðu um drátt sem orðin er á ákvörðun Jöfnunarsjóðs um framlög vegna málefna fatlaðra 2013. Stjórn byggðasamlagsins lýsir yfir þungum áhyggjum af því að ákvörðun um framlögin liggja ekki fyrir. Framkvæmdastjóra falið að senda bréf á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs og koma sjónarmiðum stjórnar á framfæri.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 12:00 Jón Óskar Pétursson fundarritari.